



Fjölmenning og inngildingaráætlanir á Suðurlandi

Framkvæmdalýsing

- Samantekt og kynning:

Verkefnið er framhaldsverkefni og byggir þeim lærdómi og reynslu sem komið hefur út úr verkefninu til þessa. Unnið verður að kynningu til handa sveitarfélögunum á Suðurlandi. Samantektin verður kynnt fyrir sveitarfélögunum samhliða þess að þeim verður boðin þátttaka.

- Skipan samráðshóps sveitarfélaga:

Sveitarfélögunum á Suðurlandi verður boðin þátttaka í verkefninu og þeim falið að tilnefna starfsmann sem tengilið og þátttakenda í verkefninu fyrir hönd þess sveitarfélags.

- Stöðumat og gerð vegvísa

Út frá þekktum viðmiðum verður staða sérhvers sveitarfélags metin. Út frá stöðu og ásetningi hvers sveitarfélags verður unnið að vegvísi í átt að því hvernig sveitarfélagið geti með markvissum hætti aukið inngildningu í sínu sveitarfélagi, s.s. með stefnumörkun, aðgerðum og verkferlum.

- Jafningjafræðsla:

Lagt verður upp með að lágmarki einum fundi í hverjum mánuði með öllum tengiliðum sveitarfélaganna. Um verður að ræða fundi í formi jafningjafræðslu, þar sem boðið verður upp á erindi, samtöl við lykilaðia í tengdum stofnunum, sérfræðinga og aðra sem geta aukið á tengsl eða þekkingu viðkomandi starfsmanna í málaflokknum. Janframt er lögð áhersla á miðlun þekkingar og reynslu sveitarfélaganna í málaflokknum, sín á milli.

- Handleiðsla:

Við leiðsögn og aðstoð við framfylgd vegvísis hvers sveitarfélags verður verkefnisstjóri í hlutverki ráðgjafa. Sveitarfélögin munu því njóta þeirrar handleiðslu hvert og eitt og vegferð hvers sveitarfélags fylgt eftir með þeim hætti. Verkefnisstjóri er því meðvitaður um stöðu hvers og eins, getur dregið fram sambærilegar áskoranir inn í jafningjafræðsluna eða kallað til sérfræðinga eftir þörfum.



Fjölmenning og inngildingaráætlanir á Suðurlandi

Framkvæmdalýsing

- Þekkingarmiðlun og samstarf:

Áfram verður unnið að því að draga saman þekkingu, gögn og verkfæri til stuðnings við inngildingu. Hlutverk verkefnisstjóra verður áfram að afla nýjustu þekkingar og miðla til sveitarfélaganna. Horft er til þess að koma á fót hjá SASS verkfærakistu fyrir sveitarélögin við mótun inngildingarstefnu ásamt samantekt á vel heppnuðum verkefnum og aðferðum. Sérstaklega verður horft til nágrannabjórða Íslands og miðlað þaðan þekkingu beint til sveitarfélaganna.

- Tillögugerð:

Ein afurð verkefnisins verður mótun tillagna við lok verkþáttar, um samstarfsmöguleika sveitarfélaga og tillögur að einstökum aðgerðum á landshlutavísu. Samráð og samtal milli sveitarfélaganna munu leiða þá tillögugerð áfram eftir því sem líður á verktíma og verkefnisstjóra falið að draga þær tillögur saman sem hluta af afrakstri þessa verkefnis.

Nánari upplýsingar veita:
 Þórður Freyr Sigurðsson
 sviðstjóri þróunarviðs SASS: thordur@sass.is
 Harpa Elín Haraldsdóttir
 byggðapróunarfulltrúi og forstöðukona Kötluaseturs: kotusetur@vik.is

Fjölmenning og inngildingaráætlanir á Suðurlandi

VERKÞÆTTIR	1. áfangi	2. áfangi	3. áfangi	4. áfangi
Samantekt og kynning	Progress bar			
Skipan samráðshóps	Progress bar			
Stöðumat og gerð vegvísu	Progress bar			
Jafningjafraeðsla	Progress bar	Progress bar	Progress bar	Progress bar
Handleiðsla	Progress bar	Progress bar	Progress bar	Progress bar
Þekkingarmiðlun		Progress bar	Progress bar	Progress bar
Verkefnisstjórn	Progress bar	Progress bar	Progress bar	Progress bar
Tillögugerð				Progress bar